

Nr. 17  
1. okt.

## Opið brjef

um

nýjar óhlutbundnar kosningar til Alþingis.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Með því Vjer höfum með opnu brjefi, dagsettu í dag, rofið Alþingi, sem nú er, þá er það allramildilegasti vilji Vor, að nýjar almennar óhlutbundnar kosningar skuli fara fram laugardaginn 15. nóvember næstkomandi.

Fyrir því bjóðum Vjer og skipum svo fyrir, að almennar óhlutbundnar kosningar til Alþingis skuli fara fram nefndan dag.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer þegnlega að hegða.

**Gefið á Sorgenfríhöll, 1. október 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Jón Magnússon.*